

## **26. Frumvarp**

til laga um byggingar- og landnámssjóð.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Af tekjum rikissjóðs skal árlega leggja 250 þús. kr. í sjóð, er nefnist Byggingar- og landnámssjóður.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda býlum í landinu og fjölga þeim með þessum hætti:

1. með því að veita lán:
  - a. til að endurbyggja íbúðarhús á sveitabýlum,
  - b. til að byggja upp nýbýli á landi, sem er í einkaeign eða í eign sveitar- eða bæjarfjelaga.
  - c. bæjarfjelögum og kauptúnum, sem eru sjerstakur hreppur, til að koma upp nauðsynlegum byggingum fyrir kúabú á ræktuðu eignarlandi bæjar- eða hreppsfélagsins.
2. með því að verja fje samkvæmt ákvörðun landsstjórnarinnar til að byggja upp nýbýli á landi, sem ríkið á eða kaupir í því skyni.

Nýbýli í lögum þessum telst hvert það býli, sem reist er af nýju, annaðhvort á gamalli eyðijörð eða landi, sem skift er úr jörð, sem er í ábúð, hvort sem því í upphafi fylgir nokkurt ræktað land eða ekki.

3. gr.

Skilyrði fyrir láni úr sjóðnum eru:

- I. til endurbygginga samkv. 2. gr. 1. a.:
  - a. að lántakandi sje íslenskur ríkisborgari, fullráða og standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.
  - b. að hann sanni með vottorði tveggja skilríkra manna, sem nákunnugir eru hógum hans, að hann sje duglegur, reglusamur, sparsamur og fyrir uppeldis- og þroska sakir vel fallinn til landbúskapar.
  - c. að hann sanni, að hann eigi svo mikil efni, sem nauðsynleg eru til búskaparreksturs á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist þær byggingar, er nauðsynlegar eru fyrir ábúð á henni.
  - d. að ekki sje fyrirsjáanleg hætt á, að dómi trúnaðarmanna sjóðsins eða þeirra manna, er stjórn sjóðsins kveður til, að jörðin eyðist af ágangi vatna, sandfoki, sjávarflóðum eða þess háttar.
  - e. að húsin sjeu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra innan og utan sje samþykkt af stjórn sjóðsins.
  - f. að húsin sjeu vátrygð fyrir upphæð, er nemi fullu kostnaðarverði þeirra.
  - g. að hlutaðeigandi sveitarstjórn, eða hreppstjóri ef sveitarstjórn á í hlut, mæli með umsókninni og telji jörðina svo vel í sveit setta. að ráðlegt sje að endurreisa íbúðarhús á henni.
  - h. að sannað sje með vottorði hreppstjóra, að húsakynni sjeu óhæf til íbúðar vegna hrörnnunar, eða með vottorði hjeraðslækneis, að heimilisfólki sje þar búð heilsutjón.
- II. til nýbýla samkv. 2. gr. 1. b.
  - a. skilyrði þau, er greind eru undir I. a.—g. og ennfremur,
  - b. að lántakandi eigi ekki annarsstaðar jörð eða býli sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af.

- c. að hann hafi ekki áður fengið lán til húsagerðar á jörð eða nýbýli,
  - d. að landið, þar sem húsa á, sje lagt býlinu til æfinlegra nota með þegar ákveðnum landamerkjum,
  - e. að býlið geti, að dómi trúnaðarmanna sjóðsins, veitt fjölskyldu sæmileg skilyrði til framfærslu, þegar það er komið í fulla rækt.
- III. Skilyrði fyrir láni samkv. 2. gr. 1 c. er, að kúabúíð sje rekið af bænum eða hreppnum, íbúunum til nota en ekki selt á leigu eða rekið sem gróðafyrirtæki.

4. gr.

Lán til að endurreisa íbúðarhús á sveitabýlum skulu, þar til annað verður ákveðið með lögum, sitja fyrir lánum til að reisa nýbýli á óræktuðu landi.

Lán þessi, samkv. 2. gr. 1 a., skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

5. gr.

Lán til að reisa nýbýli á ræktuðu landi, eða til að reisa býli, sem ræktað land fylgir, skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sje 3½% í 50 ár.

Lán til nýbýla, sem reist eru á óræktuðu landi og ekkert ræktað land fylgir, eru bæði afborgunar- og vaxtalaus fyrstu 5 árin. Síðan skal endurborga höfuðstólinn með jöfnum afborgunum á 50 árum en enga vexti greiða.

6. gr.

Lán samkv. 4. og 5. gr. má nema: 1) allt að verði aðfengins byggingarfnis, þar til telst þó ekki sandur, mól, steinn, torf, mór eða mosi þótt afla verði utan landareignar, 2) og tveim þriðju hlutum af kaupi steinsmiða og trjesmiða, er nauðsynlega þurfa að húsagerðinni að vinna.

7. gr.

Lán samkv. 3. gr. III., mega nema allt að ¼ hlutum byggingarkostnaðar, þó ekki yfir 40 þús. kr., og skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sje 5% í 42 ár.

8. gr.

Sá er byggir nýbýli eða við því tekur skal innan 2ja ára frá því er það var byggt, hafa girt það land, er hann tekur til túnræktar og innan 5 ára skal hann hafa fullræktað að minsta kosti er nemi 10 vallardagsláttum.

9. gr.

Nú verða ábúanda- eða eigendaskifti, með sölu eða erfðum, að fasteign sem stendur í skuld við Byggingar- og landnámssjóð, og er þá enginn ábúðar- eða kaupsamningur gildur um eignina nema með árituðu samþykki stjórnar sjóðsins. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin

hafa verið frá því er fasteignamat fór síðast fram. Sje um leiguábuð að ræða, má eftirgjald ekki vera hærra en sem svarar 4% landverðs að viðbættum 2% húsverðs, miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð umbóta, er síðar hafa verið gerðar.

Ef fasteign er seld eða leigð með öðrum hætti en hjer segir, fellur lán það, er hvílir á eigninni, í gjalddaga fyrirvaralaust.

#### 10. gr.

Lán til bygginga greiðir sjóðurinn út í þremur hlutum þannig :

Fyrsta hluta þegar efni til bygginganna er alt keypt og komið á staðinn. Annan hluta þegar byggingin er komin undir þak. Þriðja og síðasta hluta þegar byggingin er fullgerð.

Skal hin útborgaða fjárhæð í hvert sinn miðuð við þann útlagða hluta kostnaðar, sem láns hæðin fer eftir samkv. 6. gr.

Sje um lán til bygginga peningshúsa eða útihúsa að ræða, skal það útborgað í tveim hlutum, þannig að fyrri hlutinn skal greiddur þegar húsin eru komin undir þak og síðari hlutinn þegar þau eru fullgerð og um upphæð útborgunar fer í hvert sinn eftir sömu reglum sem segir í 2. málsg. þessarar greinar.

#### 11. gr.

Skylt er ábúanda að halda vel við mannvirkjum þeim, er lán hefir verið veitt til úr Byggingar- og landnámssjóði. Trúnaðarmenn sjóðsins, er stjórn hans skipar, 2 eða fleiri í hverjum hreppi, skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna, og tilkynna stjórn sjóðsins, ef því er í einhverju ábótavant.

#### 12. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum :

- a. Gegn hverju því fasteignarveði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.
- b. Gegn afgangskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sje býlið ekki veðsett með fyrsta veðrjetti.
- c. Gegn ábyrgð sýslu- bæjar- eða hreppsþjelaga að áskyldu lögmaeltu samþykki æðri stjórnarvalda.

#### 13. gr.

Vextir og afborganir lána og afgangskvaðir, svo og leiga eftir nýbýli, sem eru rikiseign og andvirði þeirra ef seld eru, renna í Byggingar- og landnámssjóð.

#### 14. gr.

Nýbýli, er reist verða á landi, sem er rikiseign, skulu seld á leigu þannig, að afgangið sje aldrei hærra en 4% af verði lands að viðbættum 2% af verði húsa, eftir síðasta fasteignamati.

#### 15. gr.

Landstjórninni er heimilt að taka lán, alt að 5 miljónir króna, hvort heldur er hjer á landi eða erlendis, handa Byggingar- og landnámssjóði til

stuðnings þeirri starfsemi, er honum er ætlað að vinna samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

16. gr.

Handbært fje sjóðsins skal jafnan standa á vöxtum í Landsbanka Íslands eða í jarðræktarbrjefum.

17. gr.

Stjórn sjóðsins og reikningshald skal falið Ræktunarsjóði Íslands, og hefur stjórn hans sjer til aðstoðar við lánveitingar þriggja manna nefnd, sem skipuð sje búnaðarmálastjóra, leiðbeinanda um húsagerð til sveita og þriðja manni, er atvinnumálaráðherra nefnir til. Skal ekkert lán veitt úr sjóðnum nema nefndin mæli með því.

Stjórn sjóðsins má, ef þörf krefur, ráða sjer til aðstoðar sjerstakan húsameistara, er þá kemur að öllu leyti í stað leiðbeinanda um húsagerð til sveita.

18. gr.

Yfirskoðunarmenn landsreikninganna skulu árlega endurskoða alla reikninga sjóðsins, og skal þeim greidd þóknun fyrir starf sitt. Skýrsla um starfsemi sjóðsins með áritun yfirskoðunarmanna, skal árlega birt í Stjórnartíðindunum.

19. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir umsjón með sjóðnum og setur hann nánari reglur um hann með reglugerð, þar á meðal hve háa upphæð samtals má árlega lána úr sjóðnum.

Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn lögum þessum og ákvæðum reglugerðarinnar.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við samningu frv. þessa hefir frv. til laga um Landnáms- og byggingarsjóð, er *millipinganefndin í landbúnaðarmálum* hefir samið og sent stjórninni, verið lagt til grundvallar, og er meginhluti frv. þessa að mestu leyti samhljóða frumvarpi nefndarinnar. Verður síðar gerð grein fyrir þeim efnisbreytingum, sem gerðar hafa verið á einstökum greinum.

Í greinargerð millipinganefndarinnar, með frv. hennar, segir svo:

»Á síðastliðnum þingum hefir mál það er frv. þetta fjallar um verið til umræðu. Það mun hafa verið tilætlun neðri deildar Alþingis á síðast liðnu þingi, að millipinganefndin í landbúnaðarmálum, er Alþingi kaus, tæki það til meðferðar og undirbyggi fyrir næsta þing.

Því miður getur millipinganefndin ekki, að svo vöxnu máli, gert endanlegar tillögur um það.

Frv. það er nefndin nú sendir frá sjer, er á engan hátt eins vel undirbúið og þyrfti að vera, og nefndin heitði kosið.

Til þess að undirbúa þetta mál eins rækilega og nauðsyn ber til, þarf mikil rannsókn að fara fram hjer innanlands á ýmsum þeim atriðnum er mál þetta skiftir miklu, og sú niðurstaða er með því verður tengin, hlýtur að ráða mestu um það, hvernig því verður endanlega skipað. En aðal hugsjónin er liggur til grundvallar fyrir þessu máli, um að það opinbera stuðli verulega að því að auka og flýta fyrir ræktun landsins, viðhalda og fjölga býlum út um sveitir þess, er ekki einungis rjettmæt, heldur sjálfsgöð. Það atriði þessa máls er því ekkert rannsóknarefni.

Það er öldungis víst að engum fjármunum er betur varið, en þeim, er ganga til að auka gróður landsins og efla þá starfsemi er fram fer í sveitunum.

Mörg hjeruð í þessu landi hafa svo góð skilyrði til aukinnar ræktunar, að þegar hún er komin mun lengra aleðis, þá getur í þeim lifað mörgum sinnum fleira fólk en nú. Vjer búumst við að þetta sje mörgum manni ljóst. Nú er því miður þannig astatt fyrir oss, að vjer bofum ekki tjarmagn til þess að annast byggingu nýrra býla í stórum stil í mörgum hjeruðum í senn, auk endurbóta og viðhalds allra þeirra býla er fyrir eru.

Fjölgun nýrra býla verður fyrst og fremst að koma þar, sem skilyrði fyrir þau eru best og þörfin mest. Búast má því við, þegar endanlega verður gengið frá þessu máli, þá þurfi að skipta landinu niður með tilliti til þessarar ræktunar. En eins og nú standa sakir er þetta ógerningur, í það minsta að miklu leyti. Til þess að geta gert akvednar tillögur um það, hvar nýbýli skuli fyrst um sinn aðallega reist, þarf náinn kunnugleik á helstu gróðurhjeruðum landsins. Stærð landa til sjós og sveita, gróðri þeirra, hverjar sýnilegar horfur eru á um atvinnuhætti hinna ýmsu hjeraða í náinni framtíð o fl. Um þetta atriði og ýmslegt fleira, sem hjer er ekki talið, en málið snertir þó mjög mikið, hefir nefndin als ekki getað aflað sjer upplýsinga. Að afla þesskonar vitneskju hlýtur að taka langa stund. Það er ekki einu sinni hægt, án mikils undirbúnings, að fá vitneskju um stærð óræktaðra landa í öllum kaupþúnum landsins, og þá auðvitað enn síður um stærð landa til sveita, og er það þó nauðsynlegt fyrir nefndina að fá, að minsta kosti nokkra vitneskju um það, áður en hún gengur til fulls frá tillögum sínum um þetta mál.

En að nefndin samt sem áður, skilar nú tillögum frá sjer um málið, stafar sumpart af því, að síðasta þing sýnist beint að hafa ætlast til þess, en þar við bætist ennfremur það, að nefndin telur athafnir í þessu máli svo brýnar, að ekki megi slá þeim á frest, ef nokkur tók eru á framkvæmdum. En það vill nefndin þegar taka skýrt fram, að þessar tillögur hennar eru að eins til bráðabirgða, og býst nefndin við að málið komi frá henni síðar í nokkuð breyttri mynd.

Nefndin býst við að svo kunni að fara, að þeim mönnum er aðallega hafa ætlað þessum sjóði að byggja upp nýbýli, þyki all mjög geiga frá því marki eftir tillögum nefndarinnar.

Nefndin vill fúslega viðurkenna það, að eftir tillögum hennar er ekki

síður lögð áhersla á endurbygging sveitabæja, en á stofnun nýrra býla, en hvort-  
tveggja er þó hægt að vinna, eftir tillögum nefndarinnar.

Skal nú gerð stuttlega grein fyrir því, á hvaða ástæðum nefndin byggir  
þessar tillögur sínar.

Þegar nefndin fór að athuga það verkefni, er henni var falið að vinna,  
var það meðal annars eitt mál sem öllum nefndarmönnum kom ásamt um að  
þjakaði sveitabúskapnum langmest og tilfinnanlegast, það eru húsnæðisvandræð-  
in til sveita.

Íslensku sveitabæirnir eru undantekningarlítið illa hýstir og viðhald þeirra  
dýrt og vanhirt, og einkum nú á síðustu tímum hefir lítið verið að þessu unnið,  
sem stafar af því hvað byggingarefni — og vinna — hefir verið afar dýrt.

Eins og kunnugt er streymir fólkið jafnt og þjett úr sveitonum til kaup-  
túnanna. Fólkinu í landinu fjölgar ca. um hálf túsund á ári, en í flestum  
sveitahjeruðum landsins fækkar fólkinu með ári hverju, frá því sem áður var.  
Í kaupstöðum og kauptúnum fjölgar því fólkinu meira árlega en allri fólksfjöl-  
guninni á landinu nemur. Það mun láta síst fjarri að að eins fyrir fólksfjöl-  
gunina þurfum við að fjölga íbúðum um 300 á ári hverju, og má fljótlega búast  
við því, að fólksfjölgunin verði það mikil að það nægi ekki. Auk þess þurfum  
við að halda við öllum eldri íbúðum. Nú eru mestar horfur á því að sumar  
jarðir fari í eyði, sökum þess að húsakynni eru svo ljeleg, að ekki er menskum  
mönnum vært í þeim að búa. Er því ekki um annað að ræða fyrir þetta fólk,  
en að flýja til kauptúnanna. Síðari árin virðist ekki hafa verið neinn tiltakan-  
legur skortur á fje til þess að byggja hús í kaupstöðum t. d. í Reykjavík.

Á síðast liðnu ári (1926) var þriggja miljóna kr. lán tekið til veðdeildar  
Landsbankans. Það hefir verið upplýst að 95% af þessu fje hafi farið til  
kaupstaða og kauptúna, mest auðvitað til kaupstaðanna, en ein 5% til sveita.  
Nú á þessu vori var enn tekið lán til veðdeildarinnar, yfir 3 miljónir kr. Nefnd-  
inni hefir verið tjað að megnið af því, sem búið er að lána af því fje, muni  
hafa runnið í sama farvegi og lánið í fyrra. Hjer í Reykjavík hafa verið bygd  
að talið er, mikið á annað hundrað hús í fyrra, og sennilega svipað í ár, og  
sumt af þessum húsum eru stórhýsi. Það er þess vegna ekki annað hægt að  
segja, en að kappsamlega sje að því unnið að koma upp húsum í Reykjavík.  
Þess verður lítið vart að fje skorti til þeirra hluta og er þó fullvíst, að mikið af  
þessum byggingum er bygt að miklu leyti fyrir lánsfje. En hreinasta undantekn-  
ing ef lán fer til að endurreisa byggingar á sveitabýlum. Getur þetta leitt til þess  
og litur enda út fyrir að af því leiði það, að menn verði að yfirgefa býli sín  
vegna illra húsakynna.

Það kynni að vera nokkuð vafamál, hvort með þessu móti er fullvel sjeð  
fyrir framtíð þjóðarinnar, ef svo fer að mikill meirihluti hennar flýst á mölina.

Það er svo sem auðvitað að það er fleira en hin illu húsakynni til sveit-  
anna, sem er þess valdandi að fólkið leitar til bæjanna. Hin mikla atvinna sem  
peningarnir skapa, þar sem starfað er með þeim, dregur auðvitað líka fólkið til  
sín. Líka að þessu leyti hafa hinar afarmiklu byggingar í Reykjavík kallað á  
fólkið. Aðstreymi þess til Reykjavíkur hefir verið svo mikið, að þrátt fyrir þó  
afarmikið hafi verið bygt, þá hefir altaf verið hálfgerð húsnæðisekla í bænum.

Þetta hafa flestir þeir er hús leigja fært sjer rikulega í nyt og sprengt húsaleiguna langt upp fyrir alla sanngirni, svo húsaleiga í Reykjavíkurbæ hefir nú um mörg ár verið hreinasta okur. Þetta hefir svo leitt til þess, að verkafólk hefir reynt af fremsta megni að halda kaupi sínu háu, en af öllu þessu leiðir dýrtið svo mikla, að mestar horfur eru á að atvinnuvegirnir geti ekki borið uppi tilkostnaðinn við framleiðsluna, og hvar lendir það?»

Ennfremur segir millipinganefndin, síðar í greinargerð sinni :

»Vitanlegt er það að fólksstraumurinn heldur áfram til kauptúnanna, hjer eftir sem hingað til, nema eitthvað alveg óvænt komi þá fyrir, ef fólkíð á ekki kost á jafn góðri aðbúð og eins miklum lífsþægindum í sveitunum, eius og því býðst í kaupstöðunum. Það er ekki til neins að loka augunum fyrir þeirri staðreynd. Og nefndin er þess fullviss, að mismunurinn á aðbúð sveitafólks og kaupstaðarbúa er í engu eins mikill og hvað húsakynnin snertir. Á þessu verður tafarlaust að ráða bót, ef sveitirnar eiga ekki alveg að tæmast af fólkí. Því fyr sem það er gert því betra«.

Ekki virðist ástæða til að taka hinar almennu ástæður fyrir nauðsyn sjóðstofnunar þeirrar, er ráðgerð er í frumvarpinu, nánar fram en gert er í hinum tilfærðu köflum úr greinargerð millipinganefndarinnar. Þar virðist og einnig vera gerð nægileg grein fyrir því, að fyrst um sinn, eða þar til þessu máli verður endanlega skipað, verður Byggingar- og landnáms sjóðurinn aðallega að lána fje til að endurreisa sveitabæi.

Skal nú vikið stuttlega að hinum einstöku greinum frumvarpsins og þá um leið gerð grein fyrir þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á frv. millipinganefndarinnar.

Um 1. gr.

Eftir frv. millipinganefndarinnar átti sjóðurinn að heita Landnáms- og byggingarsjóður, en heiti það er honum er gefið í þessu frumvarpi virðist betur valið með tilliti til fyrirhugaðrar starfsemi sjóðsins. Að öðru leyti gefur greinin ekki tilefni til sjerstakra skýringa.

Um 2. gr.

Samhljóða að efni frv. nefndarinnar nema í 1. b., kemur fyrir orðin : »leggja fram fje« : lána fje, og 1. c. er nýr liður.

Virðist rjett að fje til nýbýla á landi, sem er í einkaeign, sje lánað, en ekki lagt fram gegn neinni ævarandi kvöð.

Um liðinn 1. c., sem er nýr, skal tekið fram: Þar sem sjóður þessi er myndaður til þess að viðhalda og fjölga býlum í landinu, virðist rjett að fátækt kaupstaðafólk geti einnig notið góðs af honum og að hann styðji að þessu leyti viðleitni þess til að rækta landið.

Að öðru leyti þarf ekki að fjölyrða um þessa grein þar sem meginefni hennar hefir áður verið ítarlega rætt á Alþingi,



### Um 3. gr. I. og II.

Greinin er að efni til að mestu samhljóða frv. nefndarinnar, en skilyrðin fyrir hverjum flokki um sig sundurliðuð til frekari glöggvunar og er 12. gr. í frv. nefndarinnar tekin hjer upp sem I. h. Í greinargerð nefndarinnar segir um greinina :

»Sjálfsagt er að sá sem fær fjárstyrk til að koma sjer upp býli, hvort heldur er nýbýli eða til þess að endurreisa bæ, eigi þegnrjett hjer á landi. Rjett virðist að konnr jafnt sem karlar geti orðið þeirra hlunninda aðnjótandi, er sjóðurinn hefir að bjóða. Ekki sýnist ástæða til að sjóðnum sje ætlað að styrkja þá menn, er þegið hafa af sveit og standa í skuld fyrir fyrir þeginn sveitarstyrk. Þar sem búast má við að fje sjóðsins verði af skornum skamti, er rjett að þeir gangi fyrir, sem verst eru settir og eru að reyna að hjargast af eigin ramleik. Trygging verður að vera fyrir því að lántakandi úr sjóðnum . . . . . kunnir til algengrar sveitavinnu, og hafi orð á sjer fyrir reglusemi og dugnað. Það væri of illa með þetta fje farið ef það komist í þeirra manna hendur, sem fyrirfræm væri vitað um, að ekki kynnu með það að fara. Ekki virðist rjett að lána úr sjóðnum algerlega eignalausum mönnum. En hinsvegar er heldur ekki rjett, að þeir fái fje úr þessum sjóði, sem eiga það miklar fasteignir, að þeir geta að mestu eða öllu framfleytt sjer og sínum á þeim. Ekki getur komið til mála að styrkja sama mann til að koma upp (eða byggja) nema einu býli.

Þá er sjálfsagt að sjeð verði fyrir því, að ekki sje verið að eyða fjármunum til nmbóta á þeim jörðum, sem fyrirsjáanlegar líkur eru til að eyðileggist, máské þegar minst varir«.

»Ríka áherslu verður að leggja á það, að byggingar þær er sjóðurinn styrkir, sjeu vel gerðar. Og sjálfsagt er að stjórnsjóðsins þurfi að samþykkja gerð þeirra og á hvern hátt þær eru bygðar. Og að sjálfsögðu á að vera strangt eftir því litið, að þær sjeu bygðar eins og til er ætlast. Sjálfkjörnir til slíks eftirlíts eru þeir starfsmenn ríkisins, er launaðir eru í því skyni.

Þar sem fjármunir þessa sjóðs verða mjög af skornum skamti, vafalanst lengi vel, er ekki nokkur meining í því, að fje sje lánað . . . úr sjóðnum, nema þar sem álíta verður að góð skilyrði sjeu fyrir lántakanda að hjargast.

### 3. gr. III.

Virðist með þessu móti best fyrir því sjeð, að lán úr sjóðnum til kaupstaða eða kaupþúna, til að koma upp kúabúum, komi að tilætluðum notum.

### Um 4. gr.

Þessi gr. er samhljóða 5. og 11. gr. í frv. millipíngan. Í greinargerð nefndar segir svo: »Þar sem telja verður endurbygging sveitabæja enn meir aðkallandi en stofnun nýrra býla, virðist sjálfsagt, að lán úr sjóðnum til þeirra sitji fyrir öðrum lánbeiðnum, þar til bændum verður á annan hátt sjeð fyrir ódýrum og hagkvæmum lánnum til bygginga«.

Um 5. gr.

Þessi gr. svarar til 4. gr í frv. millipíngan. Í frv. hennar er stungið upp á, að »framlög« til nýbýla á landi, sem ekki er ríkiseign, skuli veitt gegn ævarandi afgjaldskvöð uf býlinu, er svari til 2% vaxta. En rjettara virðist að þetta sje lán, er endurgreiðist á ákveðnum tíma, og er til þess ætlast eftir þessn frumvarpi. — Þeir er reisa nýbýli á óræktuðu landi og koma því í rækt, vinna með með því svo mikið nytjaverk fyrir þjóðina og mun líka eiga við svo mikla óþngleika að stríða, að sanngjarnt er, að þeir fá lánið vaxtalaust, en endurgjaldi að eins höfnustólinn á hæfilega löngum tíma. Þeir er reisa nýbýli, sem ræktað land fylgir frá upphafi, t. d. þegar jörð er skift á þann hátt, standa það betur ð vígi, að þeim ætti að vera fært að greiða lága vexti af láninu auk höfnustólsins.

Um 6. gr.

Þessi gr. svarar til 7. gr. í frv. millipíngan. Sjálfsagt er að lántakandi leggi sjálfur fram nokkurt fje og einkum fyrirhöfn til að koma byggingunni upp, svo sem að hann sjái um allan flntning á byggingarefni, borgi kaup verkamanna og hluta af kaupi smiða.

Eftir frv. millipn. var ætlast til að lán mætti nema alt að  $\frac{4}{5}$  af áætluðu verði bygginganna, þó ekki yfir 10000 kr. En þau ákvæði virðast óþörf, eins og greinin er nú orðuð. Rjett virðist að leggja kostnaðarverð til grundvallar fyrir lánshæð en ekki áætlunarverð, en sjóðsstjórnin úrsknrði kostnaðarreikningana og sje engan vegin bundinn um lánshæð við upphæð þeirra.

Um 7. gr.

Þessi gr. er afleiðing af 2. gr. 1. lið c. Það vtrðist eftir atvikum rjett, að þessi lán sjen veitt með sömu kjörum og lán til að endurreisa sveitabæi.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. í frv. millipn., og segir í greinargerðinni svo: »Þá kvöð verður að leggja á hvern þann, er tekur land til ræktunar og fær fje úr sjóðnum til að stofna nýbýli, að hann friði það sem allra fyrst að tók eru til.

Það kann nú að virðast nokkuð hörð krafa að maður, sem tekur alveg óræktað land, eigi að fullrækta 10 dagsláttur á fyrstu 5 árunum og það er áreiðanlega mikið verk, sem af honum er heimtað, en ef maðurinn ætlar sjer að hafa bjargræði af býli sínn, verður hann einmitt fyrstu árin að rækta mikið. Lánist það ekki eru minni horfur á því að honum hepnist að afla sjer bjargræðis af býlinu, er stundir líða. Það mun því mega teljast hyggilegt að hafa svona lagað ákvæði í lögnum«.

Um 9. gr.

Greinin svarar til 10. gr. frv. millipn. en er allmikið breytt frá henni í þá átt að tryggja betur, að eignir þær, er lán hefir verið veitt til úr sjóðnum lendi ekki í »braski«. Má að sjálfsögðu ekki láta jarðir þær eða býli, sem hjálp hafa fengið svo sem ráðgert er í frv., lenda í höndum fjárglæframanna, svo að

þangað lendi gróðinn af hjálp landsins. Á móti þeim hlunnindum, að fá lán úr sjóðnum með jafn vægum kjörum og frv. gerir ráð fyrir, varður það að koma, að ábúandi jarðarinnar eða býlisins geti notið þeirra, þó eigandaskifti verði, og þannig haft mögnleika til að bjargast og halda nmbótum áfram.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 13. gr. frv. millipn. en er að nokkru breytt frá henni vegna þess að lánsupphæðin á að miðast við kostnaðarverð en ekki áætlunarverð. Útborgunartíminn verður sá sami ng í frv. millipn, en hlutarnir verða mistórir og svarar það betur til þarfa lántakanda en trygging sjóðsins verður þó ávalt næg eða með öðrum orðum hið útborgaða stendur ætíð í hlutfalli við þegar útlagðan kostnað

Um 11. gr.

Greinin svarar til 14. gr. fr. millipn. Í frv. þillipn. var kveðið svo á, að »þeir menn er þar til verða kjörnir« skyldu hafa eftirlit o. s. frv. Hjer er sagt: »Trúnaðarmenn sjóðsins, er stjórn hans skipar, 2 eða fleiri í hverjum hreppi o. s. frv«, og er það nákvæmara.

Um 12. gr.

Greinin svarar til 15. gr. frv. millipn. og er samhljóða henni og gefur ekki tilefni til skýringa.

Um 13. gr.

Greinin samhlj. 16. gr. frv. millipn. og þarf ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin samsvarar 6. gr. í frv. millipn. og virðist vera hjer á viðeigandi stað. Hámark afgjaldsins er nýtt ákvæði í þessu frumvarpi og virðist það hæfilega sett.

Um 15. gr.

Greinin svarar til 17. gr. í frv. millipn. og er lánsheimildin hjer hækkuð nm 1 milj. króna frá tillögu nefndarinnar. Má þessi upphæð ekki lægri vera eftir því verkefni, sem sjóðnum er ætlað að vinna samkv. frumvarpi þessu.

Um 16.—20. gr.

Þessar gr. svara til 18.—22. gr. í frv. millipn. Á þeim eru engar breytingar gerðar frá því, sem er í frv. nefndarinnar, nema 2. mgr. 17. gr. er viðbætt. Má ætla að verkefni sjóðsins verði svo mikið, að þess gerist full nauðsyn, að hafa sjerstakan og fullgildan húsameistara til raðuneytis, og mnnði þá sá hinn sami gera uppdrætti að húsum þeim er sjóðnrinn veitti lan til eða endurskoða og endurbæta uppdrætti, er aðrir gerðu, og lánþegar sendu með lánbeiðnum sínum. — Það má ætla að rjett sje sð kveða á um það í reglugerð hve hári upphæð má árlega verja til lána, og framlaga til byggingar nýbýla, sem er eign ríkisins.

Að öðru leyti er ekki ástæða til skýringa.